

# Íslenskur iðnaður

6. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Júní 2008

## GoPro hlaut æðstu verðlaun IBM



Frá vinstri: Fulltrúi IBM afhendir Ólafí Daðasyni framkvæmdastjóra GoPro verðlaunin

**GoPro ehf. hlaut í síðasta mánuði æðstu verðlaun sem IBM veitir fyrir hugbúnaðarlausn. Að þessu sinni voru veitt verðlaun til fimm fyrirtækja fyrir hugbúnaðarlausnir og 32 fyrirtækja fyrir sölu og þjónustu.**

Ólafur Daðason, framkvæmdastjóri hjá GoPro tók á móti verðlaununum við hátíðlega athöfn í Kodak Theatre í Los Angeles þar sem Óskarsverðlaunaafhendingin fer fram. Fyrr á árinu vann GoPro önnur verðlaun frá IBM sem voru afhent í Orlando í Florida.

GoPro er öflugt íslenskt upplýsingakerfi fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja ná

árangri í rafrænni stjórnun skjala, sjálfvirkum ferlum og málavinnslu.

### Aukið traust á alþjóðamarkaði

„Þessi verðlaun koma okkur skemmtilega á óvart“, segir Ólafur „og munu auðvelda okkur alla markaðssetningu erlendis.“ Ólafur segir að fyrir fyrirtæki eins og GoPro þar sem meirihluti sölu er utan Íslands skiptir verðlaun á borð við þessi mjög miklu máli til að skapa traust á vörinni og því sem fyrirtækið er að fást við. „Við erum þekkingarfyrirtæki sem selur hugbúnað. Aðalstoðin í okkar rekstri er hugbúnaður en ekki þjónusta eða útseld vinna.“

Sala utan Íslands skiptir sköpum vegna smæðar heimamarkaðar, en sökum þess

framhald á bls. 4

## Hjólað í vinnuna

Sigurður B. Halldórsson lögfræðingur Samtaka iðnaðarins hjólaði rúmlega 200 kílómetra í átakinu „Hjólað í vinnuna“ sem lauk síðastliðinn föstudag. Sigurður hjólaði daglega til vinnu og flesta kílómetra allra starfsmanna, en fast á hæla hans kom Bryndís Skúladóttir liðsstjóri SI í átakinu.

SI voru í 11. sæti í flokki fyrirtækja með 20-29 starfsmenn þegar fjöldi kílómetra á hvern starfsmann er talinn saman. Sigurður segist hafa hafa byrjað að hjóla af krafti í átakinu í fyrra eftir nokkurra ára hlé. Þegar hann varð fertugur fyrr á þessu ári fékk hann reiðhjól að gjöf frá SI sem honum finnst tilvalið að nota í vinnuna. „Þetta áhugamál er núna komið til að vera,“ segir hann og er að íhuga að byrja að hjóla á veturnar líka. Bryndís hefur hins vegar sett nagladekk undir hjólið sitt þegar byrjar að vetra og lætur ekkert stoppa sig.



Bryndís og Sigurður hampa kampakát bikarum

bls. 2

Viðspyrna á fasteignamarkaði

bls. 3

Framkvæmd uppsagna

bls. 5

Erfitt ástand í byggingaríðnaði en hjartara framundan

bls. 7

Brotið blað í sögu iðngreina



Gott til endurvinnslu



# Viðspyrna á fasteigna- markaði

Öllum er ljóst að nú kreppir að í efnahagslífinu. Því miður bendir margt til þess að afleiðingarnar verði alvarlegri fyrir almenning og fyrirtæki en nokkur spáði fyrir örfáum mánuðum síðan. Vissulega má til sanns vegar færa að einkaneysla, framkvæmdagleði og skuldasöfnun hafi farið talsvert fram úr því sem skynsamlegt getur talist og því nauðsynlegt að hægja nokkuð á. Það verður hins vegar að gæta þess að fara ekki öfganna í milli og kalla fram dýpri og krappari niðursveiflu en tilefni er til. Það virðist ætla að gerast á fasteignamarkaðinum. Þar eru viðskipti nánast að stöðvast. Á ársgrundvelli hefur velta á fasteignamarkaði dregist saman um tvo þriðju og stjórnvöld ýta með orðum sínum undir þá þróun. Nú er mál að linni.

## Þurfum skýr skilaboð

Samtök iðnaðarins telja að við núverandi aðstæður eigi stjórnvöld að spyrna við fæti, senda frá sér skýr skilaboð og grípa til markvissra aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fjöldi fólks og fyrirtækja lendi í vandræðum og að keðjuverkun gjaldþrota og vanskila fari af stað. Annað væri ábyrgðarleysi. Til þess eru að minnsta kosti tvær meginleiðir færar.

## Hlutverk Íbúðalán sjóðs

Sú fyrri er að beita Íbúðalán sjóði af fullum þunga þegar ljóst virðist að bankakerfið er úr leik á þessum markaði, a.m.k. um sinn. Á meðan það ástand varir er nauðsynlegt að öllum vafa um hlutverk sjóðsins verði eytt og honum beitt til þess að reyna að koma jafnvægi á markaðinn. Hér skal bent á þrjú atriði. Í fyrsta lagi að hækka lágmarkslán sjóðsins úr 18 milljónum í a.m.k. 25 milljónir. Í öðru lagi á að breyta reglum um veðhlutföll þannig að miðað sé við markaðsverð í stað brunabótamats þegar markaðsverðið er hærra. Í þriðja lagi þarf að rýmka reglur um lánaþyrngreiðslu til byggingarverktaka. Til þessara aðgerða er hægt að grípa strax. Þegar jafnvægi kemst á markaðinn og bankarnir verða reiðubúnir

**Jón Steindór Valdimarsson**  
framkvæmdastjóri SI



til þess að taka að fullu eða að hluta við fjármögnun á fasteignamarkaði má endurskoða hlutverk Íbúðalán sjóðs á ný.

## Kjöraðstæður til skattahreinsunar

Hin meginleiðin snýr að sköttum og gjöldum. Nú eru kjöraðstæður til þess að hreinsa til í úreltri og íþyngjandi skattheimtu. Slíkar úrbætur eru í góðu samræmi við yfirlýsingar beggja stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar sjálfar. Þar er því ekki þörf nýrrar stefnumörkunar.

Ríkið skattleggur viðskipti með fasteignir. Skiptir þá engu hvort í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki. Stimpilgjaldið er 1,5% af skuldabréfum og 0,4% af fasteignamati við útgáfu afsals fyrir fasteign. Ríkisstjórnin á að grípa tækifærið og fella niður stimpilgjöldin að fullu, bæði af skuldabréfum og afsölum, ekki einungis af fyrstu íbúð eins og þegar hefur verið ákveðið.

Vörugjöld eru annað dæmi um úrelta skattheimtu. Þau voru upphaflega sett á til bráðabirgða fyrir um 40 árum og hafa síðan verið lögð á fjölmarga vöruflokka, ekki síst undir merkjum neyslustýringar og skattlagningar á munað. Stór hluti vörugjalda, 15 – 20 %, er lagður á varning sem notaður er við húsbýggingar og innréttingar húsnæðis. Hvaða vit eða réttlæti er til dæmis í að skattleggja um 15% baðker, vaska, salerni, gólfefni, flísar, rafmagnsvír, ljós og lampa eða þá nauðsynleg heimilistæki á borð við eldavélar, kæli- og frystiskápa um 20%. Þá má ekki gleyma að skattlagningin er tvöföld vegna þess að virðisaukaskattur leggst á allt saman. Álagning vörugjalda er úrelt og dýr í framkvæmd og veldur mikilli og óþarfri skriffinnsku.

Nú bæði leyfa og krefjast aðstæður á fasteignamarkaði þess að hér sé tekið til hendi. Það er ekki eftir neinu að bíða.

# Framkvæmd uppsagna

**Nú þegar lánsfjárekreppan hefur gert fjölda fyrirtækja erfitt fyrir leita mörg þeirra leiða til að hagræða. Meðal annars með því að endurskoða starfsmannahald sitt.**

Það er ávinningur fyrirtækja ekki síður en einstaklinga að vel sé staðið að uppsagnarferli. Hvaða reglur ber að hafa í heiðri og hvað ber að varast? Þetta var meginefni fundar á vegum SI fyrir starfsmannastjóra fyrirtækja í iðnaði.

**Gylfi Dalmann Aðalsteinsson** dósent við Viðskiptadeild HÍ greindi frá helstu niðurstöðum rannsóknar sem birtar eru í grein hans og Sigrúnar H. Kristjánsdóttur: *Framkvæmd uppsagna – undirbúningur og aðferðir íslenskra stjórnenda við uppsagnir starfsmanna.*

Gylfi nefndi að uppsagnir starfsmanna væru eitt það erfiðasta sem fylgir starfi stjórnenda. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að í helmingstillfellum sé upplýsingamiðlun til starfsmanna á meðan uppsögnum stendur ófullnægjandi og traust til stjórnenda minnkar í kjölfarið. Mikilvægt er að starfsmenn, sem eftir sitja hljóti aðstoð í einhverju formi.

**Ingi Bogi Bogason** forstöðumaður menntamála hjá SI greindi frá niðurstöðum óformlegrar könnunar. Þar voru kannaðar hræringar í starfsmannahaldi hjá um 20 fyrirtækjum SI. Spurt var um hreyfingar síðustu þrjá mánuði og næstu þrjá. Í ljós kom að nánast öll fyrirtæki hyggjast hagræða. Um 62% hyggjast ekki segja upp fólki en mörg draga úr yfirvinnu og ráða ekki í stöður sem losna. Tæp 25% fyrirtækja hyggjast hins vegar fjölga starfsfólki og tæp 15% ætla að fækka fólki.

**Ylfa Edith Jakobsdóttir**, starfsmannastjóri Marels, sagði frá aðferðum Marels við að fækka starfsfólki. Hún lagði



áherslu á að hin eina rétta leið væri enn ekki fundin. Hins vegar væri mikilvægt að virða faglegar leiðbeiningar og reynslu. Hún hvatti starfsmannastjóra að vera reiðubúna til að skiptast á reynslusögum. Þær væru dýrmætar.

Stofninn í erindi **Önnu Maríu Pétursdóttur**, starfsmannastjóra hjá Vífilfell var kínversk heimspeki sem segir að sérhver ógnun feli í sér tækifæri. Að sögn Önnu Maríu horfa Kínverjar á andstreymi sem möguleika til að hefja nýja sókn á nýjum sviðum. Anna María tiltók það ferli sem einstaklingur sem sagt er upp störfum gengur gegnum. Á vissum stigum ferlisins er hætt við að hann falli í þunglyndi. Mikilvægt sé að hann staldri þar sem styst; stari ekki á læstu dyrnar og reyni að opna þær, heldur líti kringum sig og reyni að opna aðrar ólæstar dyr.

## Nýir félagsmenn SI

**Magnús Þórðarson**  
Framnesvegi 65  
101 Reykjavík

**Einingar ehf.**  
Hraunsvegi 10  
230 Reykjanesbær

**Vélaleiga A.P. ehf.**  
Kópabraut 9  
260 Reykjanesbær

**Kolur ehf.**  
Kinnarstaðir  
380 Króksfjarðrnes

**Bíladrangur ehf.**  
Nikhóli II  
871 Vík í Mýrdal

**Tölvu & Tæknipjónustan**  
Grensásvegi 8  
108 Reykjavík

**Inít ehf.**  
Grensásvegi 50  
108 Reykjavík

**Súluholt ehf.**  
Súluholti 1  
801 Selfoss

## Norrænir blikksmiðjueigendur þinguðu í Reykjavík



**Félag blikksmiðjueigenda** hefur um árabil tekið virkan þátt í norrænu samstarfi innan Nordisk Blikkenslagermest erforbund. Í byrjun júní héldu samtökin fund í húsakynnum SI og var þar að vanda fjallað um flest hagsmunamál norrænna blikksmiðjueigenda.

Að þessu sinni var einkum rætt um ábyrgðir framleiðenda á klæðningarferni húsa en gríðarlegir hagsmunir geta verið í húfi fyrir blikksmiðjur. Unnið er að því að tryggja ábyrgð framleiðenda klæðningarefna til tíu ára og að þeir standi straum af kostnaði á endurnýjun ef skipta þarf um klæðningar vegna galla sem komið hafa fram innan þess tíma. Þá var fjallað um brunavarnir í loftræsistokkum en þar

leynast miklar hættur ef ekki er rétt staðið að eftirliti.

Á fundinum var ennfremur gerð ítarleg grein fyrir orkumálum innan landanna og hvernig unnið er að ýmsum úrlausnarefnum á þeim vettvangi - annars vegar til að nýta orku betur og hvernig staðið er að því að afla nýrrar orku í löndunum.

Þessi samtök hafa í nokkur ár gengist fyrir arkitektasamkeppni um athyglisverða notkun þunnmálma í byggingum og mannvirkjum og má nefna að tvisvar hafa þau fallið í hlut íslenskra arkitekta. Annað fyrir þakið á ráðhúsinu í Reykjavík og í síðara skiptið fyrir hús Hæstaréttar.

# Æðstu verðlaun IBM til GoPro

## framhald af forsiðu



hversu líttill hann er getur hann ekki ekki staðið undir okkar vörubrúun. Ólafur segir svona verðlaun ekki beinlínis leiða til beinnar söluaukningar strax í kjölfarið heldur auka traust til fyrirtækisins sem skilar sér til lengri tíma. „Þegar IBM gefur út yfirlýsingu um að þeir líti til þess sem við erum að gera, skapar það traust hjá þeim sem treysta IBM. Þannig einfaldar þetta sölufasana og eykur traust, ekki síst í framtíðinni. IBM er stærsta tæknifyrirtæki heims og með flestu samstarfsaðila í heimi. Við stöndum þá allavega vel í samburði við þann hóp sem þeir vinna með og því fleiri sem þekkja okkur því betra.“

## Valdir úr hópi 725 tilnefninga

Hugbúnaðarlausnirnar sem voru verðlaunaðar voru valdar úr hópi 725 tilnefninga, af hópi sérfræðinga frá fagtímaritum, leiðandi greiningaraðilum og stjórnendum IBM. „IBM Beacon Awards er viðurkenning fyrir bestu lausnir og þjónustu sem samstarfsaðilar IBM bjóða í heiminum í dag“ segir Ravi Marwaha, framkvæmdastjóri IBM Global Business Partners. „Með áherslum sínum á nýsköpun og með gildi hugbúnaðarins og ánægju viðskiptavina að leiðarljósi hafa þessir samstarfsaðilar okkar samþætt tæknipækkingu sína á IBM hugbúnaði og boðið markaðnum lausnir sem leysa raunveruleg vandamál í rekstri fyrirtækja og stofnana.“

## Ný kynslóð lausna

Hugbúnaðarlausnin sem GoPro er að fá viðurkenningu fyrir er ný kynslóð lausna fyrir portal-viðmót sem fyrirtækið er búið að vera með í þróun í tvö ár og hefur þegar vakið mikla athygli. Lausnin gefur aðgengi að öllum gögnum í gegnum vefviðmót og með henni er hægt að tengja ferla, skjöl og ákvarðanir við flestan annan hugbúnað sem er í notkun. Að sögn Ólafs stendur til að hefja sölu á henni fljótlega en þegar eru hafnar tilraunauppsetningar á henni sem gengið hafa ágætlega. „Það eru á bilinu 25-30 sérfræðingar sem hafa þróað þessa lausn í samstarfi við erlend fyrirtæki, m.a. IBM, sem tekið hefur þátt í kostnaðinum með því að leggja verkefni til sérfræðinga. Þessi nýja vara er ætluð fyrirtækjum og stofnunum sem eru með mikinn fjölda notenda og mikið

gagnamagn. Fyrir okkur er þetta nýr markaður. Okkur hefur gengið vel að eiga samstarf við fyrirtæki hér á landi um vörubrúun. Nú erum við að skala lausnirnar okkar upp þannig að við getum selt stærri fyrirtækjum og stofnunum á alþjóðamarkaði, sem eru með 3-5 þúsund notendur og fleiri. Í leiðinni eigumst við alls konar tækni sem við getum nýtt til að vinna að verkefnum í framtíðinni. Verðlaunin eru „blueprint“ af því sem við getum. Við getum þróað góðar vörur, aðlagð þær að erlendum markaði og sótt þannig fram. Verðlaunin hjálpa við það.“

## Ólíkar markaðsaðstæður

Ólafur segir söluferlið langt en það getur tekið allt að eitt og hálf ár að ganga frá samningi. Áhuginn sem fyrirtækið finnur fyrir vegna verðlaunanna mun því væntanlega skila sér eftir þann tíma eða jafnvel lengra. „Þetta er langhlaup, við erum meðal annars að vinna að tækifærum í miðaustralöndum en þar getur ferlið tekið enn lengri tíma. Þar eru samningar í gangi sem tekið hefur hátt í þrjú ár að koma á. Það er áhugavert hversu ólík lönd og þjóðir eru og fleiri innlend fyrirtæki sem reynt hafa fyrir sér á þessum mörkuðum eru með svipaða reynslu.“

## Með starfsstöðvar í sjö löndum

Um 500 fyrirtæki og stofnanir um allan heim nota GoPro til að tryggja aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. GoPro er með starfsstöðvar í Reykjavík, Akureyri, Danmörku, Þýskalandi, Englandi, Eistlandi og í Búlgaríu.

GoPro er í stöðugri útrás og verðlaunin eru mikilvæg stöð í þeirri vinnu og jákvætt innlegg í ímyndarsköpun Íslands. „Menn eru farnir að tala betur um okkur og vita meira af okkur. Það er gott mót vægi við neikvæðri umfjöllun um Ísland, fjármálamarkaðinn og hvalveiðar að undanförunu. Sérstafa okkar er sú að allt hönnunarteymið og stjórnun er hér á Íslandi, í nánu samstarfi við okkar innlendu viðskiptavini. Við höldum í verðmæt og góð störf, en fáum aðila sem þekkja önnur umhverfi til að aðstoða okkur að framleiða,“ sagði Ólafur að lokum.



IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ  
Í REYKJAVÍK

Stípaft 3. júlí 2007

## Óskað eftir tilnefningum til Iðnaðarmanns ársins 2008

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík ætlar að útnefna iðnaðarmann ársins 2008 og óskar eftir aðstoð félaga iðnmeistarara og sveina við að tilnefna iðnaðarmann sem eru vel að þessari viðurkenningu komnir. Tilkynnt verður um Iðnaðarmann ársins á næstu sveinsprófafátíð félagsins í Ráðhúsi Reykjavíkur 7. febrúar 2009.

Markmiðið með útnefningunni er að heiðra iðnaðarmann sem verið hefur fyrirmynd annarra iðnaðarmanna og aukið þannig virðingu iðngreinarinnar, iðnaðarmanna auk iðnaðarins sem atvinnugreinar. Þessi fyrirmynd getur hafa skilað af sér góðu handverki, útbreitt þekkingu, góðum rekstri iðnfyrirtækis, félagsstörfum í þágu iðnaðarmanna eða vakið athygli og aukið hróður iðnaðarmanna á annan hátt.

Óskað er eftir rökstuðningi með tilnefningum til að auðvelda úrvinnslu og komast að eins réttlátri niðurstöðu og mögulegt er.

Tilnefningar skulu sendar á tölvupóstfangið [asgrimur@epal.is](mailto:asgrimur@epal.is) fyrir 1. september 2008.

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
6. töl. 14. árg. Júní 2008  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 12.06.2008  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjórn/efnisöflun: Rake Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir  
Guðlaugsdóttir  
Prófkalestur: Rake Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir  
Umbrot/efnisöflun: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# Erfitt ástand á byggingamarkaði en bjartara framundan



**S**amtök iðnaðarins stóðu fyrir smorgunverðarfundum um ástand og horfur í bygginga- og mannvirkjagreinum í maí sl. Á fundinum tóku til máls Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI, Þorsteinn Víglundsson varaformaður SI og framkvæmdastjóri BM Vallár og Ingólfur Bender hjá Greiningardeild Glitnis. Framsögumenn voru sammála um að þrátt fyrir dökkt útlit væri ljós í myrkrinu og að með skynsamlegum aðgerðum væri hægt að hafa áhrif á framtíðarhorfur í byggingariðnaði.

## Stefnt að því að fella niður stimpilgjöld

Fjármálaráðherra fór yfir stöðuna á fasteignamarkaði þar sem velta hefur dregist saman og íbúðaverð lækkað um fjögur prósent frá áramótum. Hann sagði ríkisstjórnina birta breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóðs með haustinu og að stefnt yrði að því að fella niður stimpilgjöld. Fyrsta skrefið í þá átt verður tekið í sumar þegar þau verða felld niður af fyrstu íbúðarkaupum.

Fjármálaráðherra benti einnig á að eftir gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabankans við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hefði gengi styrkst um 5-6 prósent, hlutabréf í Kauphöllinni hækkað og skuldatryggingarálag lækkað. Hann taldi þó betra að leyfa markaðinum að jafna sig frekar en að ríkið grípi til aðgerða ef ástandið stefndi í jafnvægi.

„Við munum örugglega ekki ná því ástandi sem við höfum vanist síðustu

misseri fyrr en alþjóðlegir fjármálamarkaðir eru farnir að virka eins og þeir gerðu áður. Því miður virðist það ætla að taka einhvern tíma,“ sagði ráðherra að lokum.

## Ein stærsta og öflugasta atvinnugreinin stendur höllum fæti

Bjarni Már Gylfason sagði að í ljósi þess hve greinin hefði vaxið hratt síðustu ár væri höggið nokkuð þungt ef til alvarlegrar niðursveiflu kemur. „Það er ljóst að fasteignamarkaðurinn og þar með húsbýggingamarkaðurinn á verulega undir högg að sækja um þessar mundir. Við erum að koma út úr tímabili þar sem mikið fjármagn var í boði sem ýtti undir offramleiðslu á íbúðarhúsnæði. Nú skyndilega hefur verið skrúfað fyrir fjármagn sem veldur snöggri kælingu á markaðnum. Ég tel líklegt að fasteignamarkaðurinn þurfi að éta upp offramleiðslu síðustu ára áður en hann nær sér á strik á ný. Það gæti tekið 1-2 ár og í þeirri aðlögun er einhver verðlækkun óhjákvæmileg.“

## Engan bölmód, takk

Þorsteinn Víglundsson, lagði áherslu á að þrátt fyrir að íbúðamarkaður væri í kröppum dansi væri enn ekki ástæða til að örvænta. Fjöldmörg verkefni væru í gangi og framundan. Auk þess væru álversframkvæmdir og tengdar virkjanir betur tímasettar en oft áður. Þorsteinn sagði engu að síður nauðsynlegt að grípa til aðgerða, „íbúðamarkaðurinn er í harkalegri niðursveiflu og þennan markað þarf að örva en ekki tala niður.“ Þá nefndi

hann nokkrar leiðir til úrbóta, m.a. að styrkja þyrfti Íbúðalánasjóð og afnema stimpilgjöld og óþörf vörugjöld.

## Bjartari horfur árin 2009-2011

Ingólfur Bender fjallaði um þær miklu sveiflur sem húsnæðismarkaðurinn og byggingageirinn hafa gengið í gegnum en sagði menn verða að taka með í reikninginn það mikla góðæri sem verið hefur til nokkura ára. Aukinnar svartsýni gæti og miðað við ytra umhverfi sé ekkert undarlegt að búist sé við niðursveiflu.

Að sögn Ingólfs er hagkerfið að ganga í gegnum aðlögun frá óeðlilegu ástandi. „Neyslan hefur verið mikil og kaupmáttur meiri en við höfum getað staðið undir. Skellirnir hefðu þó getað komið á verri tíma, heimilin standa vel og hrein eignarstaða er góð, atvinnuleysi þverrandi og kaupmáttur mikill.“ Fjármálakerfið stendur einnig tiltölulega sterkum fótum að mati Ingólfs sem telur alþjóðlega lánsfjárrísi verða í rénum næsta ár og lítur tilltölulega bjart til árunna 2009-2011.

„Þetta verður ekki mjög langvarandi niðursveifla sem við erum að tala um. Hagkerfið nær jafnvægi, betra aðgengi verður að lánsfé og aukin bjartsýni um þróun íbúðaverðs með aukinni veltu. Þetta er að vissu leyti góð tímasetning þar sem við erum ekki í krepptu fyrir.“



## Samkeppni um nýtt merki

**Leitað er að nýju merki** eða tákni fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands sem mun ganga undir heitinu Hönnunarmiðstöð og enska heitið „Iceland Design Center“ verður að standa með merkinu. Merkið þarf að vera einfalt, nútímalegt, glæsilegt og viðeigandi fyrir fyrirtæki sem hefur það að aðalmarkmiði að auka virðingu fyrir hönnun og arkitektúr og efla skilning á mikilvægu starfi hönnuða fyrir allt samfélagið. Tillögum skal skilað fyrir kl. 12, föstudaginn 18. júlí. Sýning verður haldin á öllum innsendum tilögum í ágúst og niðurstaðan kynnt. Sigurvegarinn í keppninni hlýtur 500 þúsund krónur. Aðeins félögum í FÍT er heimil þátttaka.

Allar nánari upplýsingar á honnunarmidstod.is og teiknarar.is.

# Frumtak, nýjum sjóði komið á laggirnar

„Með tilkomu Frumtaks, nýs sjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og samkomulags við Tækniþróunarsjóð er nú ríkjandi betra sprotaumhverfi hér á landi en nokkurn tímann áður.“ Þetta sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra á ársfundi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í gær. Stjórn nýsköpunarsjóðs var endurkjörin á fundinum.

Jón Steindór Valdimarsson formaður stjórnar greindi frá samkomulagi sem



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

tekist hefði milli Nýsköpunarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Því væri ætlað að vera nokkurs konar brú milli þeirra verkefna sem sjóðirnir fjármögnuðu hvor með sínum hætti. Þannig geti sjóðurinn fjárfest í nýsköpunar- og sprotafyrirtækj-

um sem vænleg séu til vaxtar og útrásar. Með því aukist einnig líkur á að þau komist á legg og skapi arð og verðmæti.

Frumtak miðar að því að frumlegar hugmyndir fái framgang. Allt stefnir í að Frumtak muni hafa að minnsta kosti fjóra og hálfan milljarð króna til ráðstöfunar á næstu árum. Sjóðnum tókst að fá til liðs við sig öfluga og góða liðsmenn með viðskiptabönkunum þremur og stærstu lífeyrissjóðum landsins. Þá hefur verið ákveðið að ríkissjóður láti 1,5 milljarð renna til sjóðsins. Sú fjárhæð er ógreidd en skoðun sjóðsins er að upphæðir fyrir árin 2007-2008 eigi að koma strax til greiðslu svo Frumtak njóti ávaxta.

## Samkeppniseftirlitið varar við samkeppnishömlum

Mat á því hvort samningar séu samkeppnishamlandi snýst um að meta þá með tilliti til þess hvort þeir hindri að aðrir komist inn á markaðinn. Þannig er óheimilt að semja um að verslun kaupri tiltekna vöru aðeins af einum birgja eða að birgir megi ekki selja neinum öðrum einhverja tiltekna vöru. Þetta kemur fram í skýrslu Samkeppniseftirlits um viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana sem birt var 20. maí síðastliðinn. Samtök iðnaðarins efndu til fundar með félagsmönnum sínum í matvælaíðnaði.

Steingrímur Ægisson frá Samkeppniseftirliti gerði grein fyrir efni skýrslunnar og aðdraganda þess að farið var að skoða viðskiptasamninga milli birgja og endursöluaðila á matvörumarkaði.

Helstu niðurstöður sem Samkeppniseftirlitið kemst að í skýrslunni eru eftirtalin:

- Verð á matvörum er að jafnaði 64% hærra á Íslandi en að meðaltali í ESB-ríkjum
- Allmargir samningar birgja og matvöruverslana fela í sér ákvæði sem kunna að raska samkeppni neytendum til tjóns
- Könnun Samkeppniseftirlitsins bendir til þess að forverðmerkingar birgja á matvörum takmarki verðsamkeppni milli mat-



vöruverslana. Verðmunur á þessum vörum milli verslana er margfalt minni en eðlislíkra vara sem ekki eru forverðmerktar

- Samkeppniseftirlitið beinir þeim til-mælum til birgja og matvöruverslana að ganga úr skugga um að samningar þeirra feli ekki í sér samkeppnishindranir. Í skýrslunni er vakin athygli á nokkrum atriðum í samningum sem geta falið í sér samkeppnishindranir og gefnar leiðbeiningar um það hvers konar samningsákvæði geta hugsanlega raskað samkeppni á matvörumarkaði
- Samkeppniseftirlitið mun fylgja því eftir að samningar feli ekki í sér brot á samkeppnislögum. Fyrirtæki sem verða uppvis að samkeppnislaga-brotum mega vænta þess að þurfa að sæta viðurlögum
- Með framangreindum aðgerðum er hægt að efla samkeppni og lækka verð til íslenskra neytenda

Skýrslan gefur leiðbeiningar um hvernig eigi að varast samkeppnishamlandi atriði og sú ábyrgð er lögð á herðar þeirra, sem eiga aðild að viðskiptasamningum. Í 12. grein samkeppnislaga er fjallað um hagsmunasamtök fyrirtækja. Steingrímur hvetur samtök eins og SI til að kynna sér þá grein vel og gæta þess að afhafast ekkert sem getur brotið í bága við samkeppnislögin.

### Lítill styrkur getur lyft grettistaki

Iðnaðarráðherra sagði að með samkomulaginu væri hægt að veita styrki til fyrirtækja með góða hugmynd sem hefðu ekki bolmagn til að fara í útrás; „Fjölmargir aðilar hafa sagt mér að jafnvel lítill styrkur hafi lyft Grettistaki.“

Hann sagðist einnig vera þess áskynja að útlendingar ágrintust þá djúpu þekkingu sem Íslendingar hefðu á orku og jarðhita. Hægt væri að nota hana til að fá hingað deildir erlendra háskóla.

„Við eigum að nota sérstöðu Íslands til að laða að erlenda þekkingu og fjármagn,“ sagði ráðherra en bætti því við að eflaust yrði kostnaður mikill í upphafi; „En þetta yrði happdrættisvinningur fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.“

## Burt með stimpilgjöldin

Ríkið innheimtir 1,5% stimpilgjald af skuldabréfum og 0,4% af fasteignamatí við útgáfu afsals fyrir fasteign. Þessi skattheimta er úrelt og ósanngjörn.

Nú kreppir að á fasteignamarkaði. Ríkið á að grípa tækifærið og fella niður stimpilgjöldin að fullu.

Það er ekki eftir neinu að bíða.

SI

Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhtar  
í sibreytilegu umhverfi

www.si.is

## Brotið blað í sögu iðngreina



**Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, sem tekur formlega til starfa 1. júlí vinnur nú að því að gera samning um kaupleigu á flughermi og mun sjá um þjálfun allra flugstjórnaráhafna fyrir Icelandair. Þá er fyrirhugað að festa kaup á skipi fyrir skipstjórnarnámið sem fram fer í skólanum. Þetta kom fram í ræðu Baldurs Gíslasonar skólastjóra Iðnskólans á ráðgjafaráðsfundi Samtaka iðnaðarins í húsnæði Tækniskólans í maí.**

### Eitt mesta framfararskref í sögunni

Mikil hagræðing felst í sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Þannig eru meðal annars ákveðnar greinar á efri stigum nú kenndar á einum stað í stað tveggja áður. Auk þess er sparnaður í kaupum á tækjabúnaði svo nokkuð sé nefnt.

Innan Tækniskólans verða deildir nú skilgreindar sem skólar og skólastjóri stýrir hverjum skóla fyrir sig. Um er að ræða 11 skóla sem munu byggja í meginþáttum á sama grunni og hingað til.

Þeir eru Byggingartækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Fjölmenningskólinn, Flugskóli Íslands, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Raf-tækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Upplýsingaskólinn og Véltækniskólinn.

„Hinn nýi skóli er eitt mesta framfararskref sem stigið hefur verið til að auka veg og virðingu iðngreina í landinu,“ sagði Guðbrandur Magnússon framleiðslustjóri Morgunblaðsins um samrunann og hinn nýja skóla á fundinum. Meðal nýjunga í skólanum verður diplómanám í flugrekstri, nám í megaltróník (mál- og rafíðnaður) og framleiðslunám. Þá verða nemendur í skipstjórnarnámi útskrifaðir samkvæmt ISO alþjóðastaðli. Jón B. Stefánsson sem nú gegnir stöðu skólameistara Fjöltækniskólans sagði að til að skólinn gæti gefið út slíkt skírteini hefði þurft fara í gegnum alla vinnuferla til að standast strangar reglur ISO staðalsins.

Nýr vefur skólans er [www.taekni.is](http://www.taekni.is), en nú er unnið að hönnun hans.



## Þróunarvettvangur stofnaður

Í maí var stofnaður Þróunarvettvangur á sviði matvæla. Markmiðið með vettvangnum er að koma á samstarfi fyrirtækja í matvælaframleiðslu, samtaka þeirra, rannsókn- og þjónustuaðila, neytenda, stjórnvaldsstofnana og matvælaeftirlits, neytendasamtaka, fjármögnunaraðila og stjórnvalda með það að markmiði að hvetja til nýsköpunar í matvælaíðnaði og auka með því samkeppnishæfni hans. Að undirbúningi stóðu Samtök iðnaðarins, Rannsóknarþjónustan Sýni, MATÍS og RANNÍS.

Margir aðilar hafa þegar lýst yfir áhuga á að taka þátt í starfsemi þróunarvettvangsins og allir, sem hafa áhuga og telja sig hafa eitt-hvað til málanna að leggja, eru hvattir til að slást í hópinn. Í fyrstu stjórn vettvangsins voru kjörin Guðjón Þorkelsson, MATÍS, Guðrún Ólafsdóttir, Rannsóknarþjónustunni Sýni, Katrín Valgeirsdóttir, RANNÍS og Ragnheiður Héðinsdóttir SI. Verkefni þeirra verður að þróa áfram viðfangsefni vettvangsins.

### Samtök matvælaframleiðenda í Evrópu

Evrópusambandið hefur hvatt fyrir-tæki og aðra hagsmunaaðila til að stofna þróunarvettvanga sem hafa það hlutverk að virkja iðnaðinn til að skilgreina rannsóknarþörf og hafa áhrif á mótun rannsóknar-áhersla í 7. rammaáætlun Evrópu-sambandsins. Samtök matvælaframleiðenda í Evrópu stofnuðu slíkan vettvang á sviði matvæla og lífs-gæða, Food for Life, sem hefur gefið út rannsóknáherslur fyrir tímabil-ið 2007-2020. Leiðarljós Food for Life er aukið framboð hollra matvæla fyrir alla.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)

## Kosið í stjórn starfsgreinahóps SI

Búið er að kjósa í stjórn starfsgreinahóps SI í prentiðnaði sem mun koma reglulega saman og vinna að verkefnum fyrir iðnina. Stjórnin mun einnig geta að hagsmunum greinarinnar innan SI. Í stjórn voru kjörnir:

Baldur Þorgeirsson, formaður  
Guðbrandur Magnússon, varaformaður  
Kristþór Gunnarsson  
Sveinbjörn Hjálmarsson  
Sverrir Brynjólfsson

Auk þess situr Haraldur Dean Nelson hjá SI fundi stjórnarinnar og starfar með henni.

Forsvarsmenn allra fyrirtækja í prenti innan SI eiga aðkomu að stjórnarmönnum og geta komið málum inn á borð stjórnar. Þá geta þeir einnig fengið að sitja stjórnafundi óski þeir sérstaklega eftir slíku.



# Iðnnám ... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á [www.idan.is/nam-og-storf](http://www.idan.is/nam-og-storf) - þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

**SI**

Samtök iðnaðarins